

**201. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
14. júní 2021 og hófst hann kl. 16:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi og Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurbórsdóttir, fulltrúi.

Ólafur Adolfsson tók þátt í fundinum á Teams.

Fyrir tekið:

- 1. 2106004 - Laugarbraut 19 hárstofa - umsókn um byggingarleyfi**
Umsókn um breyta notkun húsnæðis í kjallara og setja upp hárgreiðslustofu.
Byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.
- 2. 2106021 - Höfðagrund 2 - uppsetning á girðingu**
Sótt um að setja upp girðingu eins og hún var (sjá mynd á kortasjá). Lóðarmörk eru við húsgafl.
Skipulags- og umhverfisráð getur ekki orðið við erindinu.
- 3. 2106026 - Skarðsbraut / Þjóðbraut - göngu- og hjólastígur**
Bréf dags. 30. maí 2021, varðandi hjóla- og göngustíg milli lóða Skarðsbrautar 1-3-5 og Skarðsbrautar 7-9-11.
Skipulags- og umhverfisráð felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram og svara bréfi bréfitara.
- 4. 2106075 - Fyrirspurn um atvinnustarfssemi**
Umsókn Algó ehf. um heimild til öflunar og sjálfbærar nýtinga sjávarþörunga á strandsvæði innan netalaga í umdæmi Akraneskaupstaðar.
*Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið. Tilraunir til eins árs verði gerðar í nánu samráði við Akraneskaupstað.
Tryggt sé að farið verði að viðeigandi lögum og reglum sem kunna að eiga við ofangreindar tilraunir.*
- 5. 2106063 - Æðaroddi 33 skjólveggur - umsókn til skipulagsfulltrúa**
Umsókn um að breyta deiliskipulagi og stækka lóðina um 5 til 7 metra.
Skipulags- og umhverfisráð getur ekki orðið við erindinu.
- 6. 2106076 - Deiliskipulag Grundarskóla - Breyting**
Breyting á deiliskipulagi vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Grundaskóla.
Skipulags- og umhverfisráð leggur til að deiliskipulagsbreytingin verði grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum við Einigrund 20 til 36 og Espigrund 3 til 15 og Bjarkargrund 2 til 20.
- 7. 2104168 - Deiliskipulag Arnardalsreitur - Skagabraut 26 bílgeymsla**

Grenndarkynnt var fyrirhuguð breyting á deiliskipulagi Arnardalsreits. Breytingin felst í að skilgreina nýjan byggingarreit fyrir bílskúr. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum við Jaðarsbraut 3 og 5, Skagabraut 24 og 28, og Sandabraut 2. Engar athugasemdir bárust, og eitt samþykki var móttakið.

Engar athugasemdir bárust við grenndarkynninguna. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt send á Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild stjórnartíðinda.

Ólafur Adolfsson samþykkti fundargerðina með rafrænum hætti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.

Ragnar Sæmundsson
Causigjörur Þóra
Sigurður P. Harðarson
Haldrís Sigurþórsdóttir